



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2012
Tilvísun ÞÍ: 2012102550/0.2

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 91/2010 um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis þann 25. október s.l. þar sem Þjóðskrá Íslands var sent til umsagnar frumvarp til laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna (styttra tímamark), 25. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að heimilað verði að víkja frá ákvæðum 1. mgr. 4. gr. laga nr. 91/2010 um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna ef almennar kosningar eru boðaðar innan þriggja mánaða frá samþykkt þingsályktunar á Alþingi um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þjóðskrá Íslands gerir ekki athugasemd við þá fyrirætlun sem felst í frumvarpinu að víkja frá tímamarkinu sem tiltekið er í 1. mgr. 4. gr. enda er ekki vikið frá ákvæðum laga um viðmiðunardag kjörskrárstofns.

Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að ef þjóðaratkvæðagreiðsla á að fara fram samhliða kosningum til sveitarstjórna skv. 3. mgr. 4. gr. laganna þá þarf að huga að því að kjörskrá fyrir kosningar til sveitarstjórna skv. lögum nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna er frábrugðin þeirri kjörskrá sem er gerð vegna alþingiskosninga, forsetakosninga og þjóðaratkvæðagreiðslna. Þyrfti í slíkum tilvikum því ávallt að gefa út tvenns konar kjörskrár með tilheyrandi kostnaði.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Astríður Jóhannesdóttir
Lögfræðingur